

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 202/2018

2021/EES/15/30

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543 frá 22. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal, að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18yc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2010) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18yd. **32017 R 0543**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543 frá 22. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal, að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra (Stjtið. ESB L 78, 23.3.2017, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/543, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 23.3.2017, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.